

Grunnskóli Húnaþings vestra



530 Hvammstangi

Góður skóli – gjöful framtíð

Námsmat á skólaárinu og vitnisburður við skólalok að vori.

Lykilhæfni í Grunnskóla Húnaþings vestra er metin út frá sex mismunandi hæfnipáttum:

- Tjáning og miðlun.
- Skapandi og gagnrýnin hugsun.
- Nýting miðla og upplýsinga.
- Ábyrgð og mat á eigin námi.
- Sjálfstæði
- Samvinna

Lögð er áhersla á að meta alla sex þættina en í sumum fögum er hluti þáttanna metin og þá er það skilið eftir autt og mat á þeim þætti kemur ekki fram. Í Grunnskóla Húnaþings vestra eru viðmið fyrir lykilhæfni stigvaxandi eftir árgöngum og hægt er að kynna sér þau á heimasíðu skólans.

Hæfniviðmið í Grunnskóla Húnaþings vestra

Október

Að hausti eru foreldrar og nemendur boðaðir í viðtal í byrjun október. Þá er farið almennt yfir stöðu nemandans og skólabyrjun. Almennt hafa ekki mörg markmið verið metin á þessum tímapunkti og því ekki um formlega upplýsingagjöf um stöðu í námi.

Janúar

- Í janúar eru foreldrar og nemendur boðaðir í viðtal þar sem farið er formlega yfir námsmat.
- Nemendur fá afhentan vitnisburð þar sem kemur fram umsögn í samræmi við leiðsagnarmat.
- Kennarar geta skráð bókstaf í vitnisburð ef við á.
- Kennarar sem skila 2-3 sinnum skriflegu leiðsagnarmati til nemenda og foreldra á önn þurfa ekki að skrá umsögn í janúar.
- Alltaf er hakað í hæfniviðmið í mentor.

Mars

Í mars er einnig viðtalsdagur til að fylgja efir námi nemandans. Þá munu foreldrar fá símtal frá umsjónarkennara til að fara yfir stöðu nemandans. Einnig er hægt að fá viðtal við aðra kennara.

Skólaslit

Nemendur fá svo vitnisburð afhentan á skólaslitum grunnskólans. Vitnisburður er í formi hæfnieinkunna í bókstöfum A-D út frá matsviðmiðum Aðalnámskrár.